

Viðar Hreinsson

FRÁSAGNARADFERÐ STURLU SÖGU

Ef samtiðarsögur eru til, er ástæða til að taka sannleiksgildi þeirra með varið. Nauðsynlegt er að kenna bókmennataleg einkenni þeirra ekki síður en íslendingasagna, svo hægt sé að úta sig meðferð þeirra á veruleikanum, eins og Úlfar Bragason hefur bent á.¹ Hann hefur sýnt fram á að atriði eins og frásagnarmynstur, bygging og frásagnarháttur þessara tegunda séu áþeckk. Því sé aðar brýnt að huga mánaðar að frásagnarlegum einkennum samtiðarsagna, ekkert síður en annarra, þ.e. með orðum Úlfars að skoða "frásagnareðli" þeirra.² Hér verður hugað að frásagnareðli Sturlu sögu, sem semmilega er ein elsta sagan í Sturlungusafnini og jafnvæl eldri en flestar íslendingasögur.

Tengsl veruleika og frásagna eru óbein. Sturlungusögur og biskupasögur eru ekki hráir annálar skráðir um leið og atburðinir gerðust. Nægilega langur timi leið frá atburðum til að þær fengju söguform. Þær eru sögur, frásagnir, og orðið saga rímar ekki við óreiðukenunda atburði veruleikans. Þær urðu til eins og aðrar íslenskar formsögur í samfélagi eða menningu sem var á mjög sérstæðan hátt að skilgreina sjálfst sig í formi texta.³ Sagnaritunin hlýtur framan af að hafa verið i leit að formi við hæfi, þar sem má greina margvislega áhrifapætti, allt frá munnummenntum til laimeskra fræða. Samt voru sagnaritarar greinilega fjóttir að ná tökum á hinni rituðu sagnalist. Margar af elstu sögunum hafa þó lent utangama í rannsóknnum, einkum þegar á sögur hefur verið brugðið mælikvarða nútima fagurfræði. Því er brýnt að skoða hvernig sagnalistin mótaðist.

Nálægð við sögutíma er afstæð og engin trygging fyrir áreiðanleik sagna. Einn dagur, ár, tíu ár, hundrað ár. Það er sama hve langur timi líður, endanleg gerð sögu er háð duitthungum frásagnarlistarinnar. Ferill efnis í gegnum margbrotið höfuð höfundar er flókinn og háður bæði þvingun formgerðar og skapandi úrvinnslu höfundar. Frásagnir eru virk tæki til skilnings og miðlunar veruleikans. Frásagnarhefðir, mynstur og hin virka sköpun frásagna gera það að verikum að framvinda í sögum er allt önnur en framvinda í veruleikanum, hvort sem þær miðla sannleik eða lygi. Tengsl sögu við upphaflegan efnivíð sinn taka að

¹ Úlfar Bragason: "On the Poetics of *Sturlunga*." Doktorsritgerð, Berkeley 1986. Samt: "Hetjudeuði Sturlu Sighvatssonar." *Skrínir* 160(1986):64-78.

² Úlfar Bragason: "Sturlunga saga: Alburðir og frásagn" *Skáldskaparmál* 1 (1990):74.

³ Um slike samfélagsmótun byggða á framleiðslu texta, sjá Brian Stock: *Listening for the Text*. Baltimore and London 1990:100.

rofna um leið og sagan fer að myndast og lífa sjálfstæðu lífi. Hún fer að mynda nýja merkingu sem ekki er hægt að segja að hafi verið fólgin í atburðumum sjálflum.

Einangraðir atburðir hafa ekki merkingu, hún er leð þeim eftir á viðara samhengi. Tengsl okkar við veruleikann fara fram að verulegu leyti i gegnum tákneskif eins og tungumálið, sem fjarlægir okkur frá veruleikanum. Þegar við erum farin að setja saman sögur um hann fjarlægjumst við hann jafnvel enn meira, um leið og við náum betri tökum á honum. Það felast skapandi möguleikar í þeiri fjarlægingu.⁴ Atburðir sem sagt er frá smækka og þjappast saman í frásögn, en fara i gegnum ferli merkingarmyndunar og stækka astur, fara að yfirgnæfa sjálfa atburðina. Frásagnir öðlast sjálfstæða merkingarlega tilvist, með svipuðum hætti og tungumálið sem er hafið á nýtt svíð þegar það verður virkt í orðræðu, eins og Paul Ricoeur lýsir því: "Just as language, by being actualised in discourse, surpasses itself as system and realises itself as event, so too discourse, by entering the process of understanding, surpasses itself as event and becomes meaning."⁵

Að baki sérvveri sögu felst skilningur á heimi mannlegra athafna, tákunánni merkingu þeirra og timanlegu samhengi. Þegar höfundur hefur þessa þekkingu á heimi mannlegra athafna getur hann líkt eftir veruleikanum, ummyndað hann í sögu. Hann þarf að fléfta saman atburði í samfellde frásögn þar sem hver atburður hefur fyrst og fremst afstöðu til sjálfstæðrar söguheilda. Andstæð öfl takast á innan þessa söguheims, mismunandi gerendur, markmið, aðstæður, hagsmunatengsl o.s.frv. Átökin raska samræmi söguheimsins, sögufléfta birtir átök röskunar og samræmis. Loks felur fléttun söguheilda í sér tímaskilning, skilning á sögulegum breytingum í tima, miðun á milli tveggja timanlegra vídda. Önnur er krónólógisk en hin er sú mótandi vidd sem fellir hina margvislegu atburði í sögu sem hefur "fylgjanlegt" innra samhengi. Það er heildarmynd margbreytnið, heildamerkingu lengra ferlis er safnað í einn punkt, eina hugsun. Þetta er skiltt mannlegri dómgreind eins og Kant skilgreinir hana, sem, gerir mönnum kleift að skoða hluti í viðu samhengi, tengja hið einstaka við heildina. Þá má nefna að sögur leita meira og minna í svipaða formgerð, upbygging þeirra hlýtur alltaf að vera skemmatisk, miðast við almennar hugmyndir um hvað saga

⁴ Um slika fjarlægingu, sjá Paul Ricoeur: "The hermeneutical function of distanciation" *Hermeneutics and Human Sciences*. New York 1981:131-144.

⁵ Ricoeur: "The hermeneutical function..." bls. 134, sjá einnig Stock: *Listening for the Text* bls.107-108.

sé í grófum dráttum.⁶ Það liggur í augum uppi að slik úrvinusla frásagna hlýtur að vera frábrugðin hinum ytri veruleika.

Þetta eru hinur almennu aðstæður sagnagerðar, en útfærslan er einstaklingsbundin hverju sinni þar sem hlutverk söguhöfundar⁷ er að vinna úr efnivið sinum og mismunandi áhrifaþáttum. Þessir áhrifaþættir verka á raddir söguhöfundar og sögupersóna. Nefna má mótu efnis í munnum eðum, hugmyndir og viðhorf, hagsmunir stéttu, samfélagsstofiana, eftir o.s.frv. Söguhöfundur miðlar á milli veruleika og sögu, hann á í samræðum við veruleika sinn og efnivið með veruleikaskilning sinn að vopni. Niðurstaðan er verkið sjálf, sem sjálfstæður merkingarheimur. Hér verður aðeins hægt að drepa á fáa hluta stærri heildar, en reynt að greina þá því meginþætti eftirlíkingar verks; flétun atburða, átök röskunar og samræmis, og heildarsamræmi.

Reynum fyrst að átta okkur á fléttun einstakra atburða sögunnar. Sagan er röð atburða, árekstra sem hverfast um æviferil Sturlu Þórðarsonar, hvernig hann verður helsti höfdingi Dalamanna. Hver árekstur bætir drætt í heildarmyndina af Sturlu. Ferlinum má skipta í eftirfarandi röð deilna (númer visa í kafla útgáfu Jóns Jóhannessonar ofl.):

1-3: Kynning ætta og persóna, Staðarholismanna og Sturlunga ofl. sem koma við sögu.

4-5: Deila Skeggja Gamlasonar og Ádalriks Guunvarðarsonar um léreftsbúti. Sturla Þórðarson fór með eftirmál um víg Skeggja.

6: Millikafla, Sturla kaupir Hvamm, Þorgils Oddason og Oddi Þorgilsson andast, Einari Þorgilssyni lyst. 50-51

7-8: Deila Hvolsmannu við nokkura tilbaldia sem Einar Þorgilsson styður.

9-10: Sturla er Yngviki Þorgilsdóttur og Þorvarði Þorgeirssyni innan handar í ástabralli. Einar lögsækir Sturlu fyrir vikið. Sturla lögsækir á móti fyrir ógoldnar bætur og háðir verða sekir fjörbaugsmenn. Sumarið eftir um þingtimann brennir Einar Þorgilsson bæinn að Hvammi en sættir verða að lokum.

11-14: Smáskærur vegna landnytja og meðferðar á smámennum, milli Einars Ingibjargarsonar og Sturlu annars vegar og Einars Þorgilssonar hins vegar.

⁶ Sjá Paul Ricoeur, *Time and Narrative* 1 Chicago 1984:3-87.

⁷ Hugtakið söguhöfundur er vitlauskil aðeins notað hér teknilega, sem greiningarhugtak fyrir þann sem birtist í textanum eins og hann liggur fyrir á prenti, og er raumar heildarsumman af afskiptum upprunaalega söguhöfundar (eða hófunda), skrifara, safnanda Sturlungi, skrifara aftur, og loks útgefenda.

- 15-22: Einar Ingibjargarson og Sturla deila við Einar Þorgilsson vegna arfs eftir Össur auðga. Þeiri deili lýkur með bardaga á Sælingsdalsheiði, þar sem Sturla bar hærri hlut.
- 23: Deila Sturlu við Þorleif beiskalda, vegna Þorgeirs Arnórusonar, þingmanns Sturlu.
- 24: Innskot með gagnkvæmum umumælum Sturlu og Þorleifs.
- 25-26: Sturla og Sveinn Sturluson deila við Þórhall að Hölnlátrum, Þorvald i Eskigrasey og Þorleif beiskalda.
- 27-28: Smáskærur, Sturla vinnur mann af Einari, síðan ótúldjáð deila um arf Birnings Steinarssonar.
- 29: Konurán Vatnsfröinga og síðar Sveins Sturlusonar. Jón Loftsson gerir um þau mál og Hvammverjar fengu ekki rönd við reist.
- 30-36: Deildartungumál, Sturla og Böðvar Þórðarson deila við séra Pál Sölvason um arf. Sturlu gefist færi á að krefja Pál um miklar bætur vegna áverka en lætur á endanum undan Jóni Loftssyni.

Átökin milli samræmis og róskunar í Sturlu sôgu eru eins og í flestum öðrum sögum deilur sem falla í tiltölulega hefðbundið mynstur. Því er í löfa lagið að skoða Sturlu sôgu í ljósi valdapólitíkur og félagslegs jafnvægis. Á því svíði ríkir stígandi í sögunni, sem er undirstrikuð með landfræðilegri þenslu.⁸ Fyrsti hluti sögunnar er staðbundinn og lýtur að héraðsstjórn, það eru deilur Sturlu og Einars. Félagslega fjallað sé hluti um samskipti og liðsinni, hvernig menn mynda bandalög eða valdatengi.

Í upphafi er Þorgils Oddason kynntur sem óumdeildur héraðshöfðingi, í vinfengi við Oddaverja: "Oddi Þorgilsson var að föstri í Odda með Sæmundi Sigfussoni, og varð hann fróður."⁹ Einar Þorgilsson var að föstri hjá Þorgeiri Sveinssyni að Brunná. Enn eru nokkrir menn kynntir til sögu áður en röðin kemur að andstæðingunum, Sturlu Þórðarsyni. Þar er enginn höfðingsskapur gefinn til kynna en þó hafði Þórður Gilsson, faðir Sturlu, Snorrungagoðorð sem hlýtur að hafa talist viðunandi. Næst er sagt frá Halli Þórðarsyni, sem fyrst var húskarl undir Felli en græddi svo fó að hann keypti land og fór sjálfur að búa. "Hann elskoði Sturlu, er hann var ungur, og gerðist föstri hans." (2. k. bls. 64) Föstri Sturlu komst í álnir fyrir eigið framtík og næst er svo sagt frá þeiri framtakssemi: Sturlu að ná sér í ekkju og eiga með henni fimm bönn. Þorgils er tengdur við valdarnestu ætt landsins, en Sturla við framtakssaman mann af lægni stigum. Þá

8 Sjá Peter Foote: "Sturlusaga and its background." *Aurvandilstá. Norse Studies*. Odense 1984.

9 Sturlunguþágra Jóna Jóhannessonar off., 1. kafli bls. 3. Hér á eftir verður vitnað í þá útgáfu í meginmáli. kafla og bleðsjóðual. staðsetning færð til nútímahorfs.

er skýrt tekið fram það efni sem í Sturlu býr, þegar hann biður Ingibjargar Þorgeirs dóttur. Þorgeir "hafði spurdaga að Sturlu að hann var mikilmenni og ætistór og líkiegur til höfðingja..." (4/66) Fóstur Sturlu, Einars og Odda virðist því hafa ákveðna merkingu. Mikið veltur á því að Staðarholsmenn rækti þau tengsl sem reynist þeim best.

Tónninn varðandi deilur og átok sögunnar framan af er sleginn í fyrra árekstrinum með því að stilla upp skýrum andstæðum. Skeggi Gamlason, bóndi af rótgrónum ætum deilir við Adalrik Gunnvarðsson, útlending og nánast utangarðsmann. Framganga Skeggja einkennist af sanngími, gætni og festu, en Aðalíkur var tengdamönnum Þorgils Oddasonar á hendi bundinn og leitaði liðsinnis Odda, sem veitti honum ásjá. Sagan gefur síðan berlega í skyn að það sé fyrir tilstilli Odda og Böðvars Barkarsonar að Aðalíkur hleypur með öxi í höfuð Skeggja og dreppur hann. Sturla fer með málóð á þingi, og einnig annað mál og stóð sig bærilega, það var i fyrra skipti sem hann fór með mál á þingi. Hér fara saman undirferli Odda og rangur málstaður, til að verja liðmenni, en Sturla virðist hafa nokkum sóma af.

Við andlát Odda og Þorgils tekur Einar við forystu ættarinnar. Honum er illa lýst eins og síðar verður vikið að og hann staðfestir þá lýsingu í "vali" sínu á fylgismönnum og málaða. Þrír rummingar og göngumenni, Geir, Viðkunnur og Þórir, höfðu stolið vistum og klæðum frá þeim mágum á Hvöli, Helga presti og lækni Skeljungssyni og Jóni Þorgilssyni. Þeir höfðust við í skjóli Brunnárfeðga, Þorgeirs (fóstra Einars) og Viðars. Hvolsmenn voru að hrekka þá liðsháttar og Þórir drap Jón Þorgilsson. Þeir tóku Þóri höndum, en Viðar leitaði liðsinnis Einars, sem kom að Hvöli daginn eftir og tók Þóri til sín. Pleiri skærur urðu og liðsinti Einar þeim níbböldum, en Geir og Viðkunnur voru þó dreppir. Þessi deila sýnir að Einar er óhæfur héraðshöfðingi en Sturla kemur hvergi nærrí.

Hins vegar rekast þeir á í ástarsögu Yngvildar Þorgilsdóttur systur Einars. Sturla liðsinnir henni og Þorvarði Þorgeirssyni, til að leyna barnsburði og ná saman erlendis. Með því móðgar han Einar og heir jagast um málóð á þingi, urðu sekir og átu í skærum. Sturla á í fullu tré við Einar og hagar sér eins og höfðingja semir, gagnstætt Einari sem brennir bæjarhúsini í Hvammi þegar Sturla er riðinn til þings. Sturla tekur sáttum og er fljóthur að húsa bæinn betur en fyrir.

Næst eigast þeir einkum við nafnarnir, Einar Þorgilsson og Einar Ingibjargarson, stjúpssonur Sturlu. Deiluefnin verða ápreisanlegri, landnytjari í Króksfjarðareyjum og meðferð á smámennum og andstæðumar

eru hinir sömu og fyrir. Einar Þorgilsson leggst lágt, er ógrandi og er jafnvel niðurlægður, en Sturla og Einar Ingibjargarson bera hærra hlut. Sturla virðist vera sanngjam og hjálpsamur, óáreitinn en fastur fyrir. Fram að þessu hafa skærur þeirra snúist um lítlumóttleg málefni og forstuhæfleikar þeirra dregnir fram með því.

Deilan um arf Össurar auðga skiptir verulegu málí því hún snýst um drjúgan auð. Sú deila magnast smátt og smátt. Einar er yfircangssamur að vanda, Sturla orðinn grímmari og fastari fyrir, hann sýnir vit og fyrirhyggju. Nú er hann í færabroddi, þar sem Þorvarður Þorgeirsson vildi ekki "að Einar systursonur hans væri hafður að forhleypismanu og áeggjunarfili vestur þar," (20/88) og tók hann á burt með sér eftir þing. Sturla bar að lokum sigurorð af Einari við Heiðarvíg, sagan segir að a þeim fundi hafi skipt um mannvirðing með þeim. Þar með hafa orðið sætaskipti miðað við upphaf sögunnar, Sturla er orðinn heraðshöfðungi í stað Einars. Með því hefur sagan náð ákveðnu risi, þessi deila fór tvívar til alpingis, eins og til marks um mikilvægi hennar, í fyrra skiptið var illa gert um málíð, það var fyrir Heiðarvíg, en á eftir gerðu stórhöfðingjarnir Gissur Hallsson og Jón Loftsson um málín. "Óg var þeim gerðum svo farið sem liklegast þótti, að helst myndi sættirnar verða haldnar en ekki með þvílikum stafnaburði, sem fyr voru gervar." (22/94) Þannig hafa heldur ómerklegar heraðsskærur smátt og smátt magnast upp á landsmælikvarða.

Deilumur við Þorleif beiskalda eru annars eðlis Sviðið hefur vikkað og deilurnar eru styrkleikapróf um völd á Vesturlandi.¹⁰ Fyrst lendir þeim saman út af smápeðadrápum, og Sturla hrekur Bjarna négranna sinn frá Ásgarði fyrir að hafa hýst Þorleif í steinuflör. Næsta deila er um Þorvald i Eskigrasey og Sturla heldur sinu, hefur í fullu tré við Þorleif og Einar Þorgilsson. Átök Sturlu og Þorleifs snúast því um liðsstyk. sem var nauðsynlegur til að halda þingmönnum. Raunar lýkur deilun þeirra svo að Sturla vinnum manu af Þorleifi.

Sviðsvíkkun sögunnar er eins og gáur á vatni. Siðasti hlutinn hefst á forleik með miklum kvennaránum. Fyrst nena Vatnsfirðingar Hallgerði Runólfsdóttur, konu Ólafs prests Sölvasonar. Siðar rænir Svein Sturluson Valgerði dóttur hennar. Jón Loftsson hafði heitið Hallgerði stuðningi ef hún færí astur til manns síns, svo harn gerði um málín þegar Sveinn rændi Valgerði. Með þessum forleik eru sýnd tengsl milli Jóns og Sölvasona, ástæðurnar fyrir því að harn lætur sig deilurnar skipta.

¹⁰ Sjá Peter Foote: "Sturlusaga and its background." bls. 27.

Séra Páll Sölvason í Reykholti var þniðji höfblinginn á Vesturlandi sem Sturla átti í útistöðum við. Sturla kom fram af slægð og óbílgini og nytти út í ystu æsar tækifærð sem bauðst þegar Þorbjörg snyrti hann í framan með hnifi. Hann setti þá slagsiðu í sætt Böövars og Páls, þáði sjálfdæmi um áverkann og krafðist óheyrilega bóta. Hefti það allt gengið fram hefðu völd hans á Vesturlandi styrkt innjög. Þar með væri hann orðinn nokkurt stórveldi á landsmælikvarða. Það er sé frængangur sem Jón Loftsson stöðvar með klókindum, lækkar rostann í Sturlu án þess að serra stolt hans. Það gerir hann með því að taka Snorra i föstur. Þar með er komið á bandalag Sturlunga og Oddaverja sem á sinn þátt uppgangi Sturlunga. Þetta fullkomnar sætaskipti Sturlu og Staðarholssmannna, nú er það hann sem biggur barnfostur af Oddaverjum. Freistandi væri að álykta að endalok Einars, sem greint er frá í upphafi Íslendinga sögu, hefðu upphaflega verið í Sturlu sögu, því niðurlæging Einars er þar fullkomnuð, og um leið samhverfni sögunnar, þegar skillitið fólk drepu hann.

Það er þannig greinilegt að á svíði félagslegra athafna sögunnar er á ferð merkingarmótun, vitund um samfélagsleg völd. Höfblingarnir verða að sýna að þeir séu verðugir sem slikeir, það gera þeir með blöndu rétsýni og klækja, og það var dauðasynd að leggja lag sitt við þjófa og illmenni eins og Einar Þorgilsson gerði. Sagan snýst því öll um félagslegt jafnvægi og samræmi. Rangsleitni og misgerðir Einars raska jafnvæginu. Í héraði dugir styrkur Sturlu til að halda við jafnvæginu, en á landsvettvangi er metnaður hans raskandi og þar kemur einkum Jón Loftsson til sögu, eiginlega til að kenna Sturlu mannasiði.

There is no doubt, however, that the great men, principally Jón Loftsson and Guðmundur dýri, can combine against him and check his career. It can be done, moreover, without precipitating an armed struggle, though both sides go as far as the use of threats.¹¹

Aðgerðir Jóns og Guðmundar eru í rökrétu framhaldi af innri rökvisi sögunnar, að öllum líkendum tulkun atburðanna frekar en hlutlaus skráning þeirra. Félagsleg merking sögunnar, samhverfni og stigandi eru til vitnis um kunnáttu sagnaritarans til að fella þessa drætti í eina rökvisa heild á meðvitaðan hátt. Raunheimurinn hefur verið lagaður að heimi sögunnar.

Sé gengið eimur skrefi lengra og kannáð hver afstaða söguhöfundar er til atburðanna og hver er afstaða sögupersóna, þá skýrist einmitt þetta atriði enn frekar. Með því að skoða orðaskipti sögupersóna og söguhöfundar sést hvernig fram fara ákveðin hugmyndátök. Þá öðlast sagan meiri dýpt, þegar til dæmis eni

¹¹ Peter Foote: "Sturlusaga and its background." bls. 27.

borin saman orð og gerðir manna. Þá er hægt að skoða söguna í viðara tímalegum samhengi. Til dæmis brýtur timatal sögunnar í þverbága við hið innra samhengi sögunnar, sagnalistin breiðir yfir stókk í tíma og gerir atburðarásina að samfelloðri stigvaxandi deilu sem hin "upphaflega" atburðarás getur ekki hafa verið.

Persóna Sturlu hefur sögunni saman.¹² Það má líka líta á söguhöfund og beinar og óbeinar athugasemdir hans sem virkan þátt i söguheildinni. Skilningur og afstæða söguhöfundar birtist í "samræðum" hans við sögusviðið. Þar verður enn betur ljóst að sagan er skapandi úrvinnsla atburðarásar, sem ummyndar brotakennaða sögulega atburði í heildstætt verk sem hefur aðeins óbein tengsl við þann tímamál sem hún er að lýsa. Sagan í heild hvílir í viðtækum mann- og samfélagskilningi höfundar sem byggir mjög greinilega upp tengsl persónuleika, vitmuna og valda.

Það er einskonað röddun sem fram fer í sögunni. Sérhver segð, hvort sem hún er heilt verk eða ein setning, stendur alltaf í nánum tengslum við umhverfi sitt, einskonað svar við áreiði þess.¹³ Höfundur segðar tekur mið af sínum eigin skilningi og sjóndeildafríring, en svör hans litast alltaf af andsvörum. Þannig má skoða sögu eins og Sturlu sögu í heild sem svar bæði við þeiri sögulegu þekkingu á fyrri tímum sem varðveisit hefur, og þeim viðhorfum, hugmyndum og aðstæðum sem ríkja á samtíma söguhöfundar. Hann er að móta, í "fylgjanlega" söguheild, langa atburðarás. Þar kemur hann fram sjálfur og segir hug sinn að nokkru marki, birtir ætlun sína í eigin orðum og margvislegum átökum sögupersóna. Um leið og söguhöfundur endurskapar atburði fyrri tímum vegur hann þá og metur á sinn eigin mælikvarða. Það sem kallað er hneigð er rödd söguhöfundar í textanum. Sú rödd kallast á við það hvernig persónum er lýst og hvernig þær koma fram. Slik atriði birta oft eiginlega grunnhugmynd sögunnar í einum punkti.

Fyrsta dæmi um slíkt er í árekstri Skeggja Gamlasonar og Áðalriks Gunnvarðssonar, sem er svíðsetning arðstæðra skauta. Skeggi og systkin hans eru kynnt til sögu með góðum vitnisburði einna síðast í kynningarhlutananum, hann "var vitur maður og gildur bóndi." (3/64) Þórr Gunnvarðs voru "þriflegir menn og fóru með verkakaup um sumrum." (3/65) Sagan lýsir svo skiptum Skeggja og Áðalriks:

¹² Peter Foote gerir persónu Sturlu prýðileg skil í "Sturlusaga and its background" bls. 20-30.

¹³ Um hugtakið "segð" ("utterance" á ensku), sjá Mikhail Bakhtin: "The Problem of Speech genres." *Speech Genres & Other Late Essays*. Austin 1986:60-102. Það sem hér er verið að reða byggist á hugmyndum Bakhtins sem kallaðar hafa verið einu nafni dialógmími.

Nú er frá því sagt, að Aðalrikur tók sér vist með Skeggja Gamlasyni.

Það varð um sumarið til tíðinda, að sex álnar lérefti hurfu Amóru, konu Skeggja. En Skeggi þóttist það spurt hafa, að Vigdís, fylgjukona Aðalriks, myndi hafa. Hún var skillitil kona og var þá vestur í Sóivalfjörum í Saurbæ og að nerbergi í sauðahúsunum frá Hvítadal.

Skeggi heimti Aðalrik á mál og kvað svo að orði: "Svo er nú mál með vexti, að lérest nökkurt er horfið, og hefir hugur minn þar helst á, að þið munuð handhafsa hafa orðið og valda. Vilda eg, að þú segðir mér í trúnaði, og mun þá létt falla."

Hann svarar og kveðst eigi ætla sílik orð Skeggja fyrir sitt starf, er hann varn fyrir honum.

Skeggi mælti: "Viljið þið festa jámburð?"

Aðalrikur lést það gjarna vilja.

Skeggi létt það fram fara, en lést hann þó eigi vilja i vistinni, þar til er hann hefði hrundið málinu.

Aðalrikur kvað sér þá eigi titt að bera járn, ef hann skyldi láta vistina.

Skeggi svarar: "Svo er að varast óráð, að þau lúkast oft eigi vel."

En með því að Skeggi var vinsæll og haldsamur á sínu mál, þótt stórmenni ætti hlu að, þá varð það ófundsamt, því að öllum tengdamönnum Borgils Oddasonar þóttu allir skyldir til að vægja fyrir þeim, en Aðalrikur var þeim á hendi bundinn.

Og mið för hann að hitta Odda Þorgilsson og sagði honum, hver ósænd honum var ger, og bað hann ásjá. Oddi svarar og lést óglögpt vita, hver maður hann var í trúlyndi eða örðum hlutum, hvort hann var effir ásynd og gervileik eða eigi.

Aðalrikur kveðst það eigi vita, hversu það vildi verða.

Oddi veik þá eigi af hendi um ásjána. (4/65-66)

Áður var drepið á hvernig mönnum er raðað á skákborðið. Vesalmenni þyrtast að Staðarhólmamönnum. Með því eru dregnar upp ytri félagslegar aðstæður sem fela í sér gildismat eða fyrirframðóm. Það mat er staðfest í örðum sögunnar. Skeggi er sanngjarn og staðfastur, bæði í eigin örðum, þar sem hann sler um sig með spakmæli eins og Grettir frændi hans. Söguhöfundur undirstrikar það í sinum eigin dómi með lauslegri tilvísun í almannaróm ("vinsæll og haldssamur á sínu mál"). Orð hans kalla fram virðingu fyrir Skeggja og afstaðan til Staðarhólmamanna er írónnisk, þegar sagt er að ófundsamt hafi verið um viðbrögð Skeggja og allir hafi þótt skyldir til að vægja við þá. Að ferast undan jámburðinum kastar rýrð á Aðalrik. Auk þess eru tengsl hans við Staðarhólmamenn vafasöm: "Óvist er, hvernig Aðalrikur var þeim á hendi bundinn," segir í skýringum við söguna (bls 540) það er vel hugsanlegt að Aðalrikur hafi verið spyrtur við þá Staðarhólmamenn til að byggja upp andstæðu milli heiðinda og fláttskapar.

Því er leikið á tengsl sýndar og reyndar í þessari frásögn. Skeggi sannar orð söguhöfundar en gerðir Odda eru í andstöðu við þann höfdingsskap sem honum er eignaður. Hins vegar staðfestir sagan það vitsmunaorð sem af honum fer með því að gefa í skyn að hann hafi átt upptökum að vigi Skeggja og notið aðstoðar Böövars Barkarsonar. Lýsing vigsins er hlutlæg, en örðaskipti aðila eru hlaðin merkingu. "Svo kann ég járn bera" sagði Aðalrikur þegar hann hjó óxinni í hófuð Skeggja og leikur þannig með merkingu örðsins

járn, eggjárn til manuviga er náttúrlega eitthvað annað en burðarjárn kirkjunnar, lögð áhersla á ofbeldi í stað viðurkenundrar aðferðar til að sanna sakleysi. "Þetta er illur athurður" segir Oddi Þorgilsson, heldur fátækleg orð sem Skeggi dregur samstundis í efa með andlátsordum sínum: "Eigi fjarri því sem þér myndið vilja." Með þessum orðaskiptum hafa verið dregnar upp aðstæður þar sem ofbeldi og slægð er stefnt gegn hófsemi og réttsýni. Höfðinginn ris ekki undir virðingu sinni. Þannig má sjá strax á þessari upphafsdeli hvemig sagan er mótuð á ákveðin hátt.

Sturla "kvað slikt illa að berast, er flugumenn hijópu í höfuð mönnum." (4/67) Með því staðfestir hann þá tulkun að Aðalrikur hafi verið flugumaður Odda og segir það beinlinis skömmu síðar. Hann tók við eftirmálinu og varð Aðalrikur sekur. Úfar tóku að rísa með Sturlu og Odda Söguhöfundur segir í lok þessa hluta: "Þessi voru af Sturlu upphöf fyrst er hann átti málum að skipta við menn." (5/68) Þessi orð eru til vitnis um ætlun söguhöfundar, nálagð hans við Sturlu og það hvemig sagan er þegar mótuð.

Almætið tók í taumana eftir þetta, felldi Odda og Þorgils föður hans úr pest og þaðan í frá var Einar Þorgilsson fyrir Staðarholsmönnum. Það voru óþófn skipti. Sagan lýsir því svo:

Einar tók þá fé sitt og goðorð, og gerðist hann höfðingi, því að margar stoðar runnu undir hann, frændur og mígar og vinir, er Þorgils fáðir hans hafði fengið sér. Hann skorti og eigi kapp né áræði. Engi var hann lagamaður og blestir í máli. (6/68)

Þessi orð má tilika íróntiskt, sagt er að hann hefjist til valda fyrir erfðin, það er í beinum andstöðu við framtakssemi Sturlu. Þegar kapp og áræði er tengt á þennan hátt við likamslýti og lítlu lagabekkingu, þ.e. jafnhvel heimsku, þá er lýsingin farin að jaðra við skopmynd. Öllum árekstrum Sturlu og Einars eða fulltrúa þeirra er lýst á svipaðan hátt og deili Skeggja og Odda, dregnir eru fram eiginleikar með fulltingi orða sögumanns og persóna. Niðurstöðan er á einn veg, Sturla er hófsamur en fastur fyrir en Einar er ofstopafullur og heimskur.

Skærur ribbaldfloksins og Hvolsmannna falla einnig að þessum siðferðislega forskilningi og ætlun söguhöfundar. Orð hans og orðaskipti manna undirstrika það. Helga presti Skeljungssyni er vel lýst, með hrósyrðum: "Hann var vitur og góður kennimaður og margs vel kunnandi og inn besti leknir." (7/69) Vitsmunir og mannkostur Helga standa eru í andstöðu við þá garpa sem svo er lýst:

Þóroddur Grettisson hét bóndi, mikill og sterkur. Hann gat son við Þórdísi inni lygnu. Hún var göngukona. Sá sveinn hét Geir og var inn mesti óaldarmaður, stulda maður og útlegu. Hann var svo skjótur á fæti, eð engi hestur tólf; hann.

Viðkunnum hét annar maður. Hann var Gairnarus son og Stutt-Línu. Hann gerðist og óráðamaður mikill. Hann var lítil maður vexti og inn hvatasti.

Þórir hét maður norðlenskur, fóstri Þorgrims assa, lítill vexti. Hann var í fóruneyti með Geir og gerðu margt illt.

Það var eitt sinn, að húskarlar frá Hvöli höfdu farið í eyjar út. Og er þeir komu utan að fjöru sjávar, þá festu þeir skip sitt við Salthólm og báru upp fót sin á land og fóru heim um kveldið.

En um nötina komu þeir Geir og tóku brott vislir og kleði og allt það, er þar var hirt. Og um morguninn, er Hvölmenni komu þangað, þá misstu þeir þar vinar í stað og þótti sin fót ill.

Um haustið nokkru síðar þóttist Helgi prestur hafa njósan af, að Þorgeir að Brunná og Viðar sonur hans myndi herbergja itilegumenn.

Og óndverðan vetrur, er lagðar voru mynár, þá fóru þeir til saman frá Hvöli óndverða nött, því að nýlisy var á. Þeir fórn ofan til Brunnar. Og er þeir komu innjög að garði, þá foru í móti þeim menn tveir, þeir Viðar og Þórir hinna fjölkunni. Og fundu þeir eigi fyrri en Hvölmenni komu að þeim, því að þeir áttu að sjá í gegn funglinu. Þeir hljópu á eitt ennisvöll og höfðu vopn fyrir sér. En Hvölmenni slá um þá hrинг og stækja að þeim í glétt - og kastast á orðum. Jón kvað maklegan fund þeirra og kvað Þóri eigi hafa farið kurteislega um byggðir og lét þeim illa sóma, er mikilr þóttust, að stela bitlingum. Þórir kvaðst standum vera vel áviljaður að skera stærnum segum. Hann hafði óxi snaghyrnda, er átt hafsi Víga-Steinn. Hann lagði óxinni til Jóns og kom á kvið. Það var mikil sár. Tóku þeir Þóri höndum.

En Viðar komst á braut og fór á Staðarhól til Einars, fóstra sins, og sagði honum svo búið og kveðst aðla, að hann myndi vilja rétta hans hlut, þá er þeir léku saman barnleikum.

Einar lést svo gera mundu og kvað hann ekki skyldu rekast um strandir.

En Þórir fór í böndum til Hvöls og var ætlaður til dráps.

Snerma um morguninn kom Einar til Hvöls með firmitlandamann - og gengu til stofu, og köstulustuðu menn orðum á.

Einar spurði, ef þeir vildu manninn lausen láta.

Helgi prestur kvað eigi það efnu að láta lausun þjóf og fjölkunnugan mann, - en unnið nú til óhelgi sér.

Einar svaraði: "Margt mun mega tína um hann sem aðra menn, " en lét honum karlmenntsku í því, að hann verði hendur sínar.

Prestur kvað mundu mál manna, að of frekt væri að gengið, ef þeir væki hann i brott, og kvað meðallagi ráðlegt að hefja svo virðing síná um vændismenn að gera góðu menn sér að óvinum.

Einar kvaðst mundu manninn i brott hafa.

Og það varð að lyktum, að Einar gekk að þóri og skar af honum böndin og hafði hann við sér. En síðan varð Helgi prestur aldri slikur vinur Einars sem áður. En Jón lá um hríð i sárum og andaðist úr. (7/79)

Ekki er nóg með að mennimur lýsi sjálfum sér með orðum og gerðum. Lýsing söguhöfundar II ribboldunum er neikvæð og kallast á við uppruna þeirra. Þeir eru synir förukvenna. Þeir eru digurbarkalogir þegar Hvölmenni saka þá um smáþjófnaði og sýna með því ofurkapp eða ofðramb sem endar með vigi Jóns. Einar lýsir sér sjálfur með yfingangi og innantómu tilsvari þegar Helgi prestur átelur hann fyrir að ætla að frelsa þjóf og fjölkungismann. Orð prests enduróma virðingarlugmynd sögunnar, hve óráðlegt það sé að leggja lag sit við vonda menn og abbast upp á hina betri. Eftir þetta eiga þeir í smáskærum þangað synir

Þórarins Króksfjarðar drepa þá. Sýnt er hve ómerkilegir þeir eru og stuðningur Einars við þá nánast fordæmdur. Þá kemur útlegging söguhöfundar:

Eftir þessa atburði lagðist sá orðrómur á, að mjög þótti annar háttur á um heraðsstjórnina en þá er þorgils haði. Og tóku þá margir, þeir er mikil þóttust að sér eiga, að ráða sér til eigna í aðra staði, þar sem þeim þóttu sér helst trausts að von. (8/72)

Þannig hverfist þessi hluti sögunnar um eina meginhugmynd, virðingu og mannkosti og hæfni til heraðsstjórnar. Hugmyndin er studd og skýrð með vali sögumans, beinum athugasemdum og orðaskiptum.

Ástæravintýri Yngvildar og Þorvarðar tók á sig rómönsuform. Með því eru tilfinningar séðar í jákvæðu ljósi, lögbrot þeirra er réttlætt. Sturla styður elskendurna og með því er enn leikid með sýnd og reynd, Sturla raungöður og trúr heilbrigðri skynsemi og brýtur reglur samfélagsins innan ákveðinna marka. Hann sýnir líka klókindi í lögum gagnvart Einari og hefur í fullu tré við hann. Bæðir söfnuðu liði til að heyja féránsdóma en góðir menn eins og Þorleifur beiskaldi komu í veg fyrir bardaga. Tilsvor Sturlu birta nýja hlið sem er í samræmi við stígandi sögunnar. Hann sýnir metuað sinn gagnvart Einari, en samanburður sögumanns á þeim er nú ljós. "Sturla kvað eigi mundu þykja haldið til jafns við Einar, ef hann sæti heima og hæði eigi féránsdóma, en kvað vant að vita, hvorir þar bæri hærri hlut." (9/74-75) Þegar Einar brennir bæ Sturlu næsta sumar, er athugasemd sögumanns að líkendum írónískur úrdráttur, þegar hann segir að nokkuð stórt muni undir búa, því bœjarbrenna sem þessi getur naumast talist stórvirk. Tilsvor Einars og Sturlu kallast á: "Nú væri eg á það viljaður, að vér eldum þeim ósparlega í Hvammi i nót og mætti þeir reka minni til komu vorrar" (10/75) segir Einar og Sturla segir þegar hann fréttir af Hvammsfölinni að "Einar mundu elt hafa frýjulaust eina nót." (10/75) Munurinn er hins vegar sá að orð Einars birta ofsa hans, en bitandi írónísk athugasemd Sturlu sýnir yfirvegun og rósemi, hann félst á sætir og gerð Klængs biskups þó ójöfnu væri.

Nú mætti ætla að Sturla hafi hugsað Einari þegjandi þörfina. Hann hisar bæ sinn að nýju, en síðan verður alllangt hlé, að því er virðist nokkur ár, og deilurnar eru teknað upp aftur vegna áreitni Einars þorgilssonar við Einar Ingibjargarson, sem þá var orðinn roskinn maður. Það tiljóta að hafa liðið nokkur ár, því Ingibjörg andast, Sturla fær Guðnýjar og geldur Einari út fó hans. Hins vegar gerist þetta mjög fljótt í sjálfrí framvíndu sögunnar. Þannig má ef til vill segja að þar hafi hugir söguhöfundar og Sturlu farið saman.

frónisk viðbrögð Sturlu boða þá uppreisn æru sem hann fær fljótt í sögunni. Snautleg meðferð á Einari er frekar frá henni söguhöfundar en á sjálfi sögusviðinu. Það gerist í kjölfar bætardeilda þeirra nafna sem reis hæst þegar þeir stjúpfeðgar hjuggu nokkrar rollur fyrir Einari Þorgilssyni. Viðbrögð Einars urðu þessi:

En um veturnið eftir jól fór Einari Ingibjargarson norður til Eyjafjarðar. Og er Einari Þorgilsson frétti það, þá fór hann við átta mann suður í Tungu. Hann kvaddi til sin Þorgeir Grímsson og kveðst vilja, að hann ynni á Lofti, fóstra Guðnýjar Brandsdóttur og lést vilja gera þeim nokkra ákenning sunna verka.

Þá er þeir komu í Tungu, gengu þeir í stofu, og var þeim heilsað og spurdir til dinda. Þeir settust niður. En er Einari sá, að ekki varð tilraði Þorgeirs, þá stóð hann upp og gekk utar á gölf. Hann var nærsýn og þekkti eigi, hvar Loftur sat. Hann snei að þeim manni er Þórolfur hét, og lagði spjóti í lær honum, svo að út skar úr, og var það svöðusár.

Þá hlaupu upp allir menn, þeir er inni voru, og hélt hver á öðrum. Þar var Guðfinna Sveinsdóttir, og helt hin Einari. Þau sendu konu eina út í Hvamm að segja Sturlu, en konur og karlar héldu þeim, þeir er þar voru, og myndi þeir eigi á braut komast, ef Svertingur Starfason veitti þeim eigi. Hann létt þá lausa og kvað eigi hæfa, að þar yrði meiri vandræði, og kom hann þeim í braut. Hann var þar heimamaður.

Þeir Einari fóru þegar á braut og gengu upp á Múla og svo norður eftir fjalli, þar til er þeir komu heim.

En er þeir Sturla komu í Tungu, létt hann lýsa áverkum. Hann gekk síðan að Svertingi og reiddi óxarhamar að höfði honum, - kvað hann þess verðari, að hann væri drepiinn. Og var við sjálft að það fari fram. En það barg honum að hann var heimamaður Einars Ingibjargarsonar.

Nú þóttist Einar Þorgilsson hafa hefti nokkuð áhöggsins. (11/77-78)

Lýsing Einars er háðuleg, þar sem hann er hálfsjónlaus að leita að manni til að vega að og finnur svo vitlausar mann. Dómur sögurnar hlýtur að vera að þetta hafi verið sneypuför, einkum þó að frilla Sturlu skyldi hafa haldið Einari. Þessir atburðir, og frónisk athugasemdir sögumanns í lokin, rétta hlut Sturlu gagnvart lesanda, þ.e. í sjáfum heimi sögunnar, en hafa varla gert það í þeim raunheimi sem hin visar til. Áverkinn gæti hafa dugað sem hefnd fyrir áhöggi, en reyndar gæti öll umgerðin verið hreinu uppspuni.

Einar fær áþekkja útreið þegar hann vill rétta hlut Sigurðar kerlingarnefs gegn Einari Ingibjargarsyni.

Þá brást Sturla snarlega við og var kominn í Tungu á undan Einari og með þrjátíu menn:

Síðan reið Einar í Tungu við niunda mann. En þeir Sturla gengu í móti þeim Einari.

Þá mælti Sturla: "Saddir erum vér nú á heimsóknum yðrum, og mjög virðum vér til ágangs yðrar tiltekkjur. Og sýnu mnef þykjumst vér undan eira, og veldur það, að vér viljum sjá við vandræðum. En kostur mun nú að rétta hlut sinn við þig.

Einar svaraði: "Svo aðeins skal þessi heimsókn, að yður skal eigi ósæmd að vera," - og mælti allfagurt.

OG var því máli svo lykt að Sturla skyldi gera með þeim. (13/80)

Með þessu er niðurlæging Einarss alger, "og mælti allfagurt" er írónisk athugasemd söguhöfundar sem staðfestir niðurlæginguna.

Eins og áður sagði var það úrslitadeilan sem þeir Einar og Sturla háðu um arf Össurar auðga. Þá skipti um virðingu með þeim. Heiðarvígur voru sögulegur atburður, enda er frásögnin af þeim afar itarleg og sjónræn. Þó er afstaða sögumanns nokkuð sú sama, hann segir frá drýgindum Einarssmanna, hugleysi og jafnhvel háðulegum afdrifum, meðan Sturla hagar sér eins og sá sem valdið hefur.

Í deilunum við Þorleif beiskalda nýtur Þorleifur fullrar virðingar. Hann er ekki niðurlægður eins og Einar. Söguhöfundur nýtir dramatískra hæfileika sina til þess að sýna spennuna milli þeirra í sjúkrasögumanni, þegar þeir spá hvor öðrum vitískvöldum. Sú saga sýnir bæði spennu og jafnvægi sem ríkir á milli þeirra.

Öðru hvoru er Sturlu botið á brýn að hann árétti þá en ekki óflugt. Þorvarður vildi ekki hafa systurson sin að forhleypismanni og áeggjunarfíli. Það gefur til kynna að Sturla hafi róið nokkuð undir. Ró hans helst í hendur við slægð er llöður á söguna, hann verður kaldhæðnari og miskunnarlausari. Þegar sagan er orðin á landsmælikvarða er hún meira farin að snúast um klökindi og það er sú hlöð sem sést á Sturlu í erjunum við Pál Sölvason og Jón Loftsson. Vera má að þar skíni raunveruleikinn ljósar í gegn, það hefur verið varhugavert að fara frjálslega með staðreyndir þegar meira var í húfi og meiri höfðingjar með í leiknum.

Í lokin má sjá að Sturla er gjaldgengur á hinu landspólítiska svíði. Með gerðum hans er grunnur lagður að ættarveldi Sturlunga, m.a. með því að setja Snora i föstur til Jóns. Sterk ættarvitund Sturlunga sést í síðasta hluta sögunnar. Vera má að það sé söguleg og pólitisk vitund söguhöfundar sem leggur Sturlu örð í munn í síðasta hlutnum, örð sem reyndar kallast á við athugasemdir sögumanns. Sæmd og virðing Sturlu hefur verið byggð upp smátt og smátt í sögunni, og birtist nú sem yfirlýsing. Sturla býðst sjálfviljugar til að lekka seglin, gegn því að vera tekinn í tólu höfðingja. Það er það sem Jón Loftsson gerir.

Nú var leitað um sættir, og verða þeir Sturla þess varir, að Jón ættar með kappi að veita Páli að bæn Brands biskups. Og ganga menn nú meðal þeirra og beida, að Sturla játaði í dóm Jóns um málid, - kváðu þess von, að honum myndi í því aukast mestur særndarhlutur, en hitt allósynt, hversu vegnar að slá í deilur um, og sögðu þá breytti hafa gerðum þeim, er Jón gerði um Tungumál, - og gert í því enga virðing til hans. Létu þeir og þetta málid eigi síður mega skipast, er með fyrnum var upp tekið.

Og einn dag, er menn komu flestir til Lögbergs, þá gekk Sturla fram á virkið fyrir búð sína, því að það var oft háttur hans að setja á langar tólu um málaférlí sín, því að maðurinn var bæði vitur og

tungumjúkur. Vildi hann og, að það væri jafnan frá borið, að hans virðing yrði viðfreg. Hann kvað nú svo að orði: "Kunnugt mun mónumur vera um málafærli vor Páls og um þá svívirðing, er mér var ætlud að gera, ef fram kæmi. Og olli því meir hamingja min en tilstilli þess er gerði. Síðan var sæst á málid og seit mér sjálfsæmi af Páli. Æn nú eru sóttir að mið æðstu menn á Íslandi, að þetta mál skyli nú i gerð leggja, er áður kom í sjálfsæmi. Nú ef finnast deemi til, að svo hafi menn fyrr gert, þá væri á að líta. En þeir menn, er sig binda nú við málid, - nefnui eg fyrst til þess Jón Loftsson, er dýrstur maður er á landi þessu og allir skjóta sinum málafethum til. - þá veit eigi eg, hvort annað er nú virðingar vænna en reyna, hvern sóma hann vill minn gera. Nú kann vera, að eg hafa eigi vit til að sjá mér blut til handa, en vilja mynda eg halda sann minni."

Þá svarar Brandur biskup: "Engi maður frýr þér vits, en meir eru grunaður um gæsku." Jón kvað Sturlu viturlega mæla og sjá fyrir margra hönd. "En ségiold," segir Jón, "af Páls hendi munu til vægðar smáust, því að þau voru hátt reist, og skal nú við mig um að eiga, en eigi við Pál."

Síðan gengu meiri frá Lögbergi og heim til búða. En áður þinginu lyki, bauð Jón Sturlu barnfostur og bauð heim Snorra, syni hans, og honum sjálfum til kirkjudags í Odda.

Síðan fylgdi Sturla suður sveininum og þá síðan virðilegar gjafar af Jóni. En gjald snerist mjög, og var það helst ákveðið að væri því tigir hundraða. (34/113-14)

Orð Brands biskups staðfesta það sem fyrir var sagt um slægð og undirröður Sturlu. Heildarhugmyndin að baki sögumí frá upphafi virðist vera að byggja upp með ákveðinni stigandi inngöngu Sturlu í hóp heldri höfðingja landsins og láta hann hafa virðingerskipti við Einar Þorgilsson. Þessi hneigð sést í tilsvörum persóna og orðum söguhöfundar og nær hámarki í þessum lokaátökum á þingi. Þessi atriði lúta fyrst og fremst að uppbryggingu frásagnar sem slikrar. Þetta er það sem nefnt var virk og skapandi úrvinnsla hér í upphafi. Sögufléttunin heilst í hendur við sögumynstur. Útlínur átaka og merking þeirra hefir skerpst og smárm saman fjarlægst hina löngu liðnu atburði og tekið að lífe eigin lífi, sem lýtur lögmálum frásagna. Sturlu saga greinir frá inngöngu Sturlunga á leiksvið íslandssögunnar. Kanuski þeir hafi sjálfir viljað hafa hönd í bagga með hvernig sú innganga lití út og með því lagt sinn fyrsta skerf í bóknenntalegti mótonn íslandssögunnar.